

# Skýrsla stjórnar Ský fyrir starfsárið 2019-2020

Flutt á aðalfundi félagsins 27. febrúar 2020  
51. starfsári að ljúka

Eins og undarfarin ár hefur nýliðið starfsár Ský verið viðburðaríkt og félaginu til sóma. Markmið Ský eru sem fyrr að halda úti öflugri og faglegri starfsemi á sviði upplýsingatækni, m.a. með ráðstefnuhaldi og fræðslustarfsemi.

Á árinu tókst stjórn, faghópum og framkvæmdastjóra að uppfylla þessi markmið og halda áfram því góða starfi sem unnið hefur verið síðustu ár. Eftir fækkun á árunum fyrir 2011 hefur fjölgað jafnt og þétt í félaginu. Í ár hefur fjölgað um 45 og eru félagsmenn því 1.138. Persónuverndarlögin hafa sett sitt mark á póstlista Ský, því smá fækkun er í tengslanetinu en þar erum við með 4.941 skráða aðila sem er fækkun um 156. Það má líta svo á að félagið hafi staðið í stað í stærð en með yfir ellefuhundarð félagsmenn þá er félagið á góðum stað.

## Stjórn Ský á starfsárinu 2019-2020

Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður  
Theodór Ragnar Gíslason, varaformaður  
Kristján Ólafsson, gjaldkeri  
María Dís Gunnarsdóttir, ritari  
Sólveig Hrönn Sigurðardóttir, meðstjórnandi  
Dagbjartur Vilhjálmsson, meðstjórnandi  
Jón Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt 9 bókaða stjórnarfundum. Að auki nokkrir vinnufundir bæði innan stjórnar, með nefndum félagsins og tengdum aðilum af ýmsu tilefni.

## Ráðstefnur og fundir

Félagið stóð fyrir 25 viðburðum á starfsárinu sem er þónokkur fjölgun frá fyrra starfsári. Faghópar voru virkir við ráðstefnu- og fundahöld. Yfirlit yfir viðburði er að finna á vefsíðu félagsins ([www.sky.is](http://www.sky.is)) undir „Viðburðir“.

Í ár var UTmessan haldin með glæsibrag eins og áður, en var þetta 10. UTmessan. Það er frábær áfangi að ná og má Ský vera stolt af því að standa að slíkum viðburði. UTmessan var haldin í samstarfi við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Platínium samstarfsaðila. Tilgangur UTmessunnar er að vekja athygli á mikilvægi upplýsingatækninnar og áhrif hennar á einstaklinga, fyrirtæki og íslenskt samfélag. Markmiðið er að sjá marktæka fjölgun nemenda sem velja sér tæknigreinar sem svið í háskólum landsins. Einnig viljum við tengja upplýsingatæknina betur við skólastarf og atvinnulíf og vekja áhuga almennings á upplýsingatækni og mikilvægi hennar á öllum sviðum daglegs lífs. Viðburðurinn var gífurlega vel sóttur, um 1.200 gestir voru í Hörpu á föstudeginum þegar ráðstefnuhluti UTmessunnar fór fram og þúsundir mættu á laugardeginum þegar sýning opin almenningi fór fram.

## UT verðlaun Ský

Frá árinu 2010 hefur Ský veitt árlega Upplýsingatækniverðlaun Ský. Um er að ræða heiðursverðlaun að danskri fyrirmynd fyrir framlag til upplýsingatækni á Íslandi. Reglur verðlaunanna kveða á um að verðlaunað sé framtak sem þegar hafi sannað sig og því er ekki um sprota- eða hugmyndaverðlaun að ræða.

Á árinu 2019 voru UT verðlaunin stækkuð með því að bæta við nýjum flokkum. Nýju flokkarnir eru „UT-Stafræn þjónusta“, „UT-Sprotinn“ og „UT-Fyrirtækið“.

UT verðlaunin 2020 voru afhent á verðlaunahátíð fram í Hörpu við lok dagskrár UTmessunnar í Eldborg að viðstöddum forseta Íslands.

Í flokknum UT-Stafræn þjónusta varð Kara Connect fyrir valinu, Genki Instruments hlaut UT-Sprotinn og Meniga var valið UT-Fyrirtæki ársins.

Marel hlaut UT verðlaunin 2020.

Marel hefur verið framarlega í tækni frá stofnun. Fá íslensk tæknifyrirtæki eiga sér jafn langa og árangursríka sögu og Marel og framlag fyrirtækisins til þjóðfélagsins alls er óumdeilt.

Marel er í dag í fararbroddi í þróun hátæknibúnaðar sem notaður er til vinnslu á kjöti, kjúklingi og fiski, allt frá slátrun til pökkunar. Uppbygging Marel hefur verið einstök og skilað félaginu í fremstu röð á sínu sviði í heiminum. Fyrirtækið hefur nú þróast í alþjóðlegt fyrirtæki með 6.500 starfsmenn og starfsstöðvar í 33 löndum.

Marel hefur allt frá upphafi nýtt upplýsingatækni í þróun sinni og framleiðslu, nýtt gögn til að hámarka afköst og nýtingu sinna viðskiptavina, og unnið náði með matvælaframleiðendum að auknum afköstum, sjálfvirknivæðingu og hámarksnýtingu verðmæts hráefnis.

Óhætt er að segja að nýsköpun og tækni hafi einkennt Marel frá fyrstu tíð. Fyrirtækið ver að jafnaði 6% af heildartekjum í nýsköpun árlega, eða sem samsvaraði 74 milljónum evra árið 2018. Þetta hefur skilað sér í öflugri vöruþróun og undanfarin ár hefur Marel verið brautryðjandi í innleiðingu nýrrar tækni í matvælaíðnaði, t.d. sýndarveruleika, gervigreind og „internet of things“ gagna- og rekjanleikalausnum.

Þrátt fyrir mikinn vöxt og aukin umsvif byggir Marel enn á sömu hugmyndafræði og þegar félagið var stofnað af hópi frumkvöðla við Háskóla Íslands fyrir 40 árum síðan. Frumkvöðlarnir vildu auka verðmæti og nýtingu í íslenskum sjávarútvegi og þróðu til þess fyrstu rafeindavogina fyrir fiskvinnslu. Frumkvöðlarnir trúðu því að með upplýsingatækni og hugviti væri hægt að minnka sóun og auka nýtingu og nú 40 árum síðan starfar félagið ennþá með þessa sýn að leiðarljósi.

Marel starfar á öflugum og mikilvægum vaxtarmarkaði en samkvæmt tölum frá FAO er talið að eftirspurn eftir matvælum muni aukast um að minnsta kosti 50% á næstu 30 árum með auknum fólksfjölda og þéttbýlisvæðingu. Þörfin til að framleiða matvæli á sjálfbæran og öruggan hátt hefur aldrei verið meiri og telur Marel mikil tækifæri framundan til að auka nýtingu enn frekar, draga úr sóun, auka gæði og öryggi matvæla og stuðla að sjálfbærni í matvælavinnslu. Þetta verkefni verður aðeins leyst með tækni og nýsköpun og það er stóra verkefni Marel á næstu misserum.

## Tímaritið Tölvumál, ritnefnd og siðanefnd

Ritnefnd hélt allmarga fundi á liðnu ári og veglegt eintak af Tölvumálum kom út í byrjun nóvember. Efnistöð blaðsins í ár var Fjórða iðnbyltingin. Blaðið var sent til félagsmanna Ský. Vefútgáfa Tölvumála má finna á vef félagsins ([www.sky.is](http://www.sky.is)) og sífellt má sjá aukningu í lestri þar. Ritnefnd hefur undanfarin ár unnið glæsilegt starf en sífelld vöntun er á fleira fólki til þess að taka upp pennann (eða í okkar tilfelli lykllaborðið) og rita greinar.

Siðanefnd hefur ekki starfað á vegum Ský síðustu starfsár en vilji er til að koma henni af stað aftur og óskum við eftir félagsmönnum sem áhuga hafa á málefnum að gefa sig fram.

## Faghópar

Á liðandi starfsári fjölgaði enn og aftur töluvert í öllum faghópum, sem er frábært, það er gaman að sjá stafið eflast á þennan hátt. Samtals fjölgaði um ríflega 200 manns í faghópastarfinu á starfsárinu.

Þá var nýr faghópur stofnaður árinu og sá fyrsti í 6 ár. Faghópur Ský um hagnýtingu gagna var formlega stofnaður fimmtudaginn 19. september 2019. Hópurinn hefur eigin samþykktir en starfar að öðru leyti samkvæmt reglum um faghópa félagsins. Markmið faghópsins eru í samræmi við markmið Ský og felast m.a. í:

- Að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hin ólíku svið hagnýtingu gagna
- Að hvetja til samstarfs og þekkingarmiðlunar milli fyrirtækja og einstaklinga
- Að efla tengslamyndun jafnt innan geirans sem út fyrir hann
- Að stuðla að aukinni fræðslu og fagmennsku í hagnýtingu gagna
- Að leitast við að efla notkun íslenskrar tungu við umfjöllun um hagnýtingu gagna

Faghópurinn hélt sinn fyrsta viðburð 15. janúar 2020 og var hann vel sóttur.

Starf faghópanna var á líðandi ári jafn glæsilegt og áður. Þeirri venju hefur verið fylgt að hver faghópur sjái um að minnsta kosti einn stærri viðburð á vegum Ský á ári og svo var einnig í ár. Starf faghópanna er mikilvægur hlekkur í starfsemi félagsins og aldrei að vita nema fleiri faghópar líti dagsins ljós í nánustu framtíð.

Faghópar Ský á starfsárinu eru:

- Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu, félagar voru 152 en eru nú 163.
- Öldungadeild, félagar voru 60 en eru nú 66.
- Fjarskiptahópur, félagar voru 145 en eru nú 162.
- Öryggishópur, félagar voru 219 en eru nú 247.
- Faghópur um rafræna opinber þjónustu, félagar voru 167 en eru nú 194.
- Faghópur um vefstjórnun, félagar voru 220 en eru nú 225.
- Faghópur um hugbúnaðargerð, félagar voru 184 en eru nú 212.
- Faghópur um rekstur tölvukerfa, félagar voru 180 en eru nú 199.
- Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörfum í UT, félagar voru 150 en eru nú 174.
- Faghópur um hagnýtingu gagna, félagar eru 40 (nýr faghópur)

## Innlent samstarf

Ský á samkvæmt lögum fulltrúa í stjórn Persónuverndar, Þorvarður Kári Ólafsson er fulltrúi Ský. Félagið er einnig aðili að Icepro.

## Erlent samstarf

Ský hefur um margra ára skeið tekið þátt í evrópsku samstarfi upplýsingatæknifélaga á vettvangi CEPIS (Council of European Professional Informatics Societies). Sú samvinna hélt áfram á síðastliðnu ári og erum við þátttakendur í verkefni sem felst í að hvetja konur til að fara í tölvutengt nám, ICT-Women task force og einnig ICT-Computing in Schools. Þar hefur sterklega komið fram að öll Evrópulöndin eru að glíma við að reyna að fá ungt fólk til að fara í tæknimiðað nám og sérstaklega ungar konur. Stærsta verkefnið sem Ský hefur tekið þátt í síðustu árin er DiversIT sem verður vonandi innleitt á Íslandi á komandi starfsári.

## Bebras

Stjórn Ský ákvað að taka boði sem barst í framhaldi af Cepis Council fundinum í apríl 2015 að vera með í alþjóðlegu verkefni sem heitir BEBRAS. Vikuna 12. – 16. nóvember stóð Ský fyrir Bebras áskorun á meðal barna á aldrinum 6-18 ára. Þetta verkefni hefur breiðst hratt út og var Ísland nú með í fjórða skipti. Fjöldi skóla sem tók þátt tvöfaldaðist og nú tóku 48 skólar þátt. Einnig tóku mun fleiri nemendur þátt í áskoruninni eða alls 2.353 sem er fjölgun um 900 nemendur. Við horfum björt fram á veginn og teljum að Bebras eigi fullt erindi til krakka á Íslandi.

## Afkoma félagsins

Eins og fram kemur í ársreikningi félagsins var afkoman á árinu eins og við var að búast. Þónokkur tekjuvöxtur varð, en að sama skapi varð kostnaðaraukning. Tekjuvöxturinn er fyrst og fremst vegna góðrar mætingar á viðburði Ský. Kostnaðaraukning skýrist að mestu leiti að á starfsárinu var í fyrsta skipti 2 full stöðugildi hjá félaginu, ásamt meiri kostnaði við UTmessuna en áður. Meðvitað var lagt var út aukinn kostnað varðandi UT messuna 2019 vitandi að það gæti haft áhrif á afkomuna. Félagið skilar því lítilsháttar tapi á árinu. Eigin fjárstaða félagsins er mjög góð og er þetta ekki til að hafa áhyggjur af enda starfsemin mjög virk og mikilli áhugi á félaginu.

Áhætta í rekstri hefur aukist töluvert með tilkomu viðburðar af stærðargráðu UTmessunar og því er ánægjulegt að staða félagsins sé orðin nægilega sterk til þess að geta brugðist við sveiflum.

## Lokaorð

Ský á sér bæði langa og farsæla sögu sem þverfaglegt félag þeirra sem vilja hagnýta sér eða hafa áhuga á upplýsingatækni. Félagið heldur ráðstefnur, gefur út og starfrækir faghópa. Rekur félagið nú áfram skrifstofu með tveimur stöðugildum. Óhætt er að fullyrða að félagið hefur haft umtalsverð áhrif á framþróun upplýsingatækninnar hér á landi. Starfsemin byggir að miklu leyti á ómældri sjálfböðavinnu stjórnarmanna, ritnefndar, orðanefndar og faghópa. Í félaginu starfar hæft fagfólk úr ýmsum greinum atvinnulífsins sem ekki telur eftir sér að undirbúa viðburði félagsins, að ógleymdum fyrirlesurum. Stjórn Ský vill hér með þakka öllum þessum aðilum fyrir þeirra mikilvæga framlag við að efla starfsemi félagsins.

Starfsmenn félagsins eiga lof skilið fyrir það mikla starf sem þær hafa innt af hendi á árinu. Þær hafa sýnt mikla hæfileika í verkefnastjórn á stórum sem litlum viðburðum og eru þeim kostum gæddar að draga fram í dagsljósið allt það besta sem félagsmenn Ský og aðrir í upplýsingatækniheiminum hafa upp á að bjóða. Við teljum að félagið sé vel rekið og mun halda áfram af sama krafti á komandi starfsári.

F.h. stjórnar Ský,  
Snæbjörn Ingi Ingólfsson, formaður.